

Skiptar skoðanir um hvort rjúfa skuli nú þing

— meðal forustumanna sænskra jafnaðarmanna

Stokkhólmur 20. september, NTB. **MJÖG** skiptar skoðanir ríkja innan flokkstýrsta sænska Jafnaðarmannaflokksins, um hvort rjúfa skuli þing og efna til nýrra kosninga, nú að lokum mestu kosningaósigri jafnaðarmanna sl. 30. ár. Fregnir herma þó að meiri hlutinn sé andvígur slíkum ráðstöfunum. Stokkhólmblaðið Dagens Nyheter fullyrðir í dag, að engin hætt sé á þingrofum. Ákvörðun í þessum efnum verður tekið 1. október nk., á landsfundi jafnaðarmannaflokksins.

Borgarflokkarnir hafa ekki sett fram kröfur um þingslit, og er haft eftir forystumönnum þeirra að þeir muni biða þar til talningu 300 þúsund utankjörstaðatkvæða verður lokið. Aftur á móti hefur leiðtogi Þjóðarflokksins, Bertil Ohlin lagt til að efri deild þingsins verði leyst upp, og hin nýkjörnu fylkisþing látn velja fulltrúa í hana, en þau útnefna nú fulltrúa til efri deildar til eins árs í senn, en þess ber að geta að einungis áttundi hluti deildarinnar er þannig valinn árlega.

Tage Erlander forsætisráðherra, sem þegar á kosningaróttina lét hafa eftir sér, að hugsanlegt væri að þing yrði leyst upp, hefur afdráttarlaust vísað tillögu Ohlins á bug, á þeim forsendum að hann sjálfur hafi í kosningabaráttunni lagt til, að fylkisþingin verði fulltrúa í efri deild þegar að loknum kosningum, en að kjósendinn yrði að fá að vita fyrirfram að sveitarstjórnarkosningar hefðu þannig bein áhrif á þingið.

Félag ungra jafnaðarmanna í Svíþjóð hefur krafist þess að yngri menn taki sæti í flokksforystunni. Var það formaður félagsins Ingvar Carlson, sem setti fram þessar kröfur í hördum ummælum sem hann hafði um kosningaúrslitin. Erlander svaraði Carlson í ræðu á mánudag, þar sem hann benti á að Olaf Palme samgöngumálaráðherra 39 ára að aldri, sé einn af yngstu ráðherrum Evrópu. Erlander lýsti sig þó fúsan til að ræða nánar kröfurnar um að yngri menn taki sæti í stjórninni og innan flokksforustunnar. Meðalaldur sænsku ráðherranna er nú 52,8 ár, og forsætisráðherrann sjálfur er nú 65 ára að aldri, en


hann hefur gegnt embætti forsætisráðherra um 20 ára skeið.

Sænsku blöðin byrjuðu í dag, að tala um „hauka“ og „dúfur“ innan jafnaðarmannaflokksins. „Haukar“ eru þeir, sem eru fylgjandi harðari stjórnmalastefnu, en „dúfur“, þeir sem eru meira hæg-fara og rólegri. „Haukarnir“ vilja að þingið verði leyst upp og efnt til nýrra kosninga, vegna þess að þeir álíta að kosningaósigurinn nú muni verða hagkvæmur jafnaðarmönnum í þingkosningum. Þeir efast um að borgarlegu flokkarnir séu reiðubúnir til að taka völdin í sínar hendur og segja að jafnaðarmennirnir, sem sátu heima í þessum kosningum, muni fylkja sér um flokkinn í þingkosningum við slíkar aðstæður.

Einnig er álitíð að kommúnistar myndu fara sér hægt, með tilliti til þess að þeir hafa gefið hátiðleg loforð um að þeir muni aldrei styðja borgarflokkana til valda.

Hinar svokölluðu „dúfur“ vilja fremur öryggi en hitt, segja að með því að nota tímann fram að næstu kosningum, geti jafnaðarmannaflokkurinn mætt betur búinn til orrustu með nýja menn í fararbroddi, sem séu reynsluþríkari.

Umræður um mál þessi eru nú mjög miklar innan flokksins, og á það er bent, að fjármálaráðherrann, Gunnar Stæng, hafi aflyst ferð sinni til Washington þar sem hann ætlaði að sitja fund Alþjóðabankans.



Hljómsveit Ingimars Eydal í Austurbæjarbíói í kvöld

Í ÞESSARI viku er ár síðan hljómsveit Ingimars Eydal á Akureyri heimsótti Reykjavík og lék átta lög inn á segulband, sem síðar komu út á tveimur hljómplötum. Öll lögin á plötum þessum hafa nám vinsældum,

og ber þar hæst lagið „Á sjó“, sem sungið var af Þorvaldi Halldórssyni.


Hljómsveitin kom aftur til Reykjavíkur fyrir þremur dögum og lék tólf lög inn á segulband fyrir Ríkisútvarpið, en þættinum verður sennilega útvarpað í upphafi vetrardagskrár.

Hljómsveit Ingimars Eydal með söngvaranum Þorvaldi Halldórssyni og söngkonunni Erlu Stefánsdóttur, koma fram sem skemmtiatriði á bingukvöldi Ármanns í Austurbæjarbíói í kvöld. Þar mun Þorvaldur væntanlega syngja í fyrsta skipti opinberlega í Reykjavík lagið „Á sjó“, auk þess sem Þorvaldur, Erla og Finnur Eydal munu syngja nokkur lög saman, en þau hafa myndað söngtrío innan hljómsveitarinnar.

— Lík

Framhald af bls. 32

Í gærðag var fatnaðar Bandaríkjamannsins leitað á Stóra-Meitli og nágrenni af leitarhöfðingjum úr Hveragerði. Sagði Magnús Hannesson Mbl. í gær, að unglingspiltur úr Hveragerði, sem var þar á ferli upp á eigin spýtur, hafi fundið skinnúlpu upp á háfallinu, en ekki höft hana með sér til byggða. Eftir að því er Ingólfur Þorsteinsson tjáði blaðinu var vitað að Whitlow ætti skinnúlpu.



Þeir Hafsteinn Austmann, Jóhannes Jóhannesson og Sigurður Sigurðsson í sýningarnefnd við verk eftir Sigurjón Ólafsson.

Haustsýning Fél. íslenskra myndlistarmanna hefst í kvöld


FÉLAG íslenskra myndlistarmanna opnar hina árlegu haustsýningu sína í Listamannaskólanum í kvöld kl. 8.30. Verður sýningin opin í þrjár vikur frá því kl. 2—10 daglega. Að þessu sinni sýna 36 listamenn alls 65 olíumálverk, grafikmyndir, teppi, höggmyndir og fleira. Einn gestur sýnir þarna 4 olíumyndir, en það er Færeyingurinn Ingvaldur av Reyni, einn af þekktari eldri málurum Færeyinga.

Þeir sem sýna á haustsýningunni eru: Sverrir Haraldsson, Jóhannes Jóhannesson, Hafsteinn Austmann, Jóhann Briem, Eyborg Guðmundsdóttir, Hrólfur

Sigurðsson, Jóhannes Geir, Jónas Guðvarðsson, Benedikt Gunnars-son, Valtýr Pétursson, Bragi Ásgeirsson, Snorri Sveinn Friðriks-son, Magnús Á. Arnason, Steinþór Sigurðsson, Eiríkur Smith, Hjörleifur Sigurðsson, Þorvaldur Skúlason, Jón Engilberts, Barb-ara Arnason, Ásgerður Ester Búadóttir, Sigurður Sigurðsson, Hringur Jóhannesson, Arnar Herbertsson, Ólafur Gíslason, Bjarni Guðjónsson, Guðmundur Benediktsson, Guðmundur Elías-son, Jón Benediktsson og Sigur-jón Ólafsson.

Þá er að nefna sjö listamenn sem ekki hafa fyrr tekið þátt í haustsýningum FÍM, en það eru: Ragnheiður Jónsdóttir, Gunnar Bjarnason, Mattea Jónsdóttir, Ólafur Gíslason, Kristín Eydells, Sigríður Björnsdóttir og Sigur-jón Jóhannesson.

Myndir þessara síðast nefndu valdi sýningarnefndin, en í henni eiga sæti þeir Jóhannes Jóhannesson, Steinþór Sigurðsson, Sigurður Sigurðsson, Hafsteinn Austmann, Eiríkur Smith, og fyrir höggmyndaðeild, Sigurjón Ólafsson, Guðmundur Benediktsson og Magnús Arnason.



Í gær var hæg suðvestlæg urlandi var léttskýjað og rúmlega 10 stiga hiti. Horfur eru helzt á svipuðu veðri í dag og sennilega á morgun.

Bifreið veltur í Hvassahrauni

Það slys varð á veginum við Hvassahraun í gær, að bifreiðin R-16538 ók á kind, og fór við það út af veginum og valt í hrauninu.

Nokkrir farþegar voru í bílnum ásamt ökumanni, en enginn slasaðist alvarlega og var fólkinu leyft að fara heim að aflok inni rannsókn á slysavæðingunni. Kindina varð hins vegar að aflífa. Bifreiðin er mjög skemmd.

Ástæða er til að vara ökumenn við fé, sem mikið er af í Hvassahrauni og leitar í þar-ann niður í fjörunni. Hafa sanskonar óhöpp og áður var lyst áður komið fyrir, þótt enn hafi ekki orðið stórvægileg slys á mönnum.

Jólnir horfinn

EYJAN Jólnir, sem kom upp við Surtsey annan dag jóla í fyrra, sækir í sæi í óveðrunum suður af landinu undanfarna daga. Brýtur nú efst á eyjunni. Jólnir var stærstur 70 metra hár, 250—300 metrar á breidd og 300 m að lengd.

Bláðið hafði samband við gæzlumarnir í Surtsey, Árna Johnson, sem nú dvelir í Eyjum. Sagði Árna að ófært hafi verið til Surtseyjar undanfarna daga vegna veðurs, en bjóst þó við, að komast út í eyrna í dag. Verður Árna í eyjunni í 10 daga í viðbot, en hún verður gæzlumannslaus í vetur.

Árna kvað mikið og stöðugt gos vera enn í Surti. — Renna 10—15 rummetrar af hrauni úr gignum á sekúndu.

Árna gat þess til gamans, að nafnið á Jólni væri fornt nafn á hófuðgoði Íslendinga fyrir kristnitöku, Óðni, en við hann eru jólnir kennd.